

Mánaðarskýrsla Íbúðaláanasjóðs

Mars 2011



Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðaláanasjóðs námu tæpum 2,6 milljörðum króna í mars, þar af voru tæpir 2,3 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í mars 2010 tæpum 1,8 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 10 milljónir króna í mars en um 10,4 milljónir í febrúar síðastliðnum.


Hinn 10. mars hét Íbúðaláanasjóður sitt fyrsta útboð íbúðabréfa á árinu 2011. Alls bárust gild tilboð að nafnvíði 7,396 milljarða króna og ákveðið var að taka tilboðum að nafnvíði 2,707 milljarða króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 3,16% án þóknunar og 2,776 milljarða króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 3,24% án þóknunar. Vegin heildarávöxtunarkrafa tekina tilboða án þóknunar var 3,20% og 3,22% með þóknun. Íbúðaláanasjóður ákvað í kjölfar útboðsins að lækka útlánavexti og eru þeir því 4,40% með uppgreiðsluákvæði og 4,90% án uppgreiðsluákvæðis, en ákvörðunin tók gildi 11. mars sl.

ESA samþykkti 16. mars með fyrirvara 33 milljarða króna framlag íslenska ríkisins til Íbúðaláanasjóðs með því skilyrði að nákvæm áætlun um endurskipulagningu í félagslegt og samkeppnislegt hlutverk sjóðsins liggi fyrir í lok september 2011.

Ársreikningur Íbúðaláanasjóðs fyrir árið 2010 var birtur 31. mars. Tap varð af rekstri sjóðsins á árinu að fjárhæd 34,5 milljarðar kr. samkvæmt rekstrarreikningi og skýrist það fyrst og fremst af virðisrýnnun útlána. Eigi fé sjóðsins í lok ársins nam 8,6 milljörðum kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðaláanasjóð var 2,2% í árslok og er hlutfallið reiknað með sama hætti og eiginfjárlutfall fjármálaþyrtækja. Vanskil jukust á árinu og voru 6,5% lántakenda sjóðsins með einn eða fleiri gjaldagga í vanskilum í lok ársins samanborið við 5,3% lántakenda í árslok 2009. Á árinu leysti sjóðurinn til sín 854 íbúðir til fullnustu krafna og seldi 132 íbúðir. Í eigu sjóðsins voru 1.069 íbúðir í lok árs 2010 og hafði þeim fjölgæð um 722 á árinu. Tæplega þriðungur þessara eigna er í útleigu.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 64,3 milljörðum króna í mars samanborið við um 53,5 milljarða í febrúar 2011.


Greiðslur Íbúðaláanasjóðs námu rúnum 7,058 milljörðum króna í mars, en þar af var afborgun íbúðabréfa um 6,6 milljarðar króna. Uppgreiðslur í mars námu um 976 milljónum króna.




Flokkur	Jan. 2010	Feb. 2011	Mar. 2011	Meðal- lifftími	Nafn- verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	1,44%	0,63%	0,03%	2,0	70,7	27,8
HFF24	3,02%	2,66%	2,37%	6,3	164,2	119,9
HFF34	3,28%	3,11%	2,99%	10,2	173,2	150,1
HFF44	3,33%	3,16%	3,11%	13,9	265,9	244,6

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadagi hvers mánaðar.
Meðallifftími (ár) og stærð flocka (milljarðar) í lok mars '11.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyrar lánaþyrtigreiddlu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjöldungum (ma.ISK)



Útlánavextir Íbúðaláanasjóðs 2007- 2011



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðaláanasjóðs

Niðurstaða 2011

Í milljörðum króna	Áætlun Q1	Raun Q1	Áætlun 2011	Raun jan-mar 2011
Útgáfa íbúðabréfa*	7 - 9	5,5	30 - 38	5,5
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	5,8	27 - 35	5,8
Greiðslur ÍLS	16 - 18	18,6	65 - 73	18,6


Útgáfa á nafnvíði

Áætlun 2011

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa*	7 - 9	8 - 10	6 - 8	9 - 11	30 - 38
Ný útlán ÍLS	6 - 8	7 - 9	7 - 9	7 - 9	27 - 35
Greiðslur ÍLS	16 - 18	17 - 19	14 - 16	18 - 20	65 - 73

Útgáfa á nafnvíði

Mánaðarleg heildarútlán Íbúðaláanasjóðs



Útboð íbúðabréfa

